

# TRÚNAÐARMÁL

**From:** [Ottar Eggertsson](#)  
**To:** [Guðrún Haraldsdóttir](#)  
**Cc:** [Biarni Benedikt Bjarnason](#); [Harri Ormarsson](#); [Ámundi V Brynjólfsson](#); [Rúnar Ingi Guðjónsson](#)  
**Subject:** Re: Bréf til GÓ pípulagna ehf. varðandi útboð 15438 15439 og 15440  
**Date:** miðvikudagur, 15. júní 2022 22:19:58

---

Sæl öll,

Ég er á leiðinni erlendis snemma í fyrramálið og get líklega ekki svarað þessu á annan hátt heldur en hérna á tölvupósti.

Já ég er alveg sammála að tilboðin frá okkur séu lág. Við fórum mjög vel yfir útreikningana okkar og getum staðið undir þeim. Við höfum unnið á sambærilegu verði hjá ykkur áður.

Kemur fram í skjalinu að við séum í hverfi 4-5 47,7% af kostnaðaráætlun en bjóðum ekki í 2 eignir, Fossvogsskóla og Viðey. Erum við því nær 50,5%

Kemur fram í skjalinu að við séum í hverfi 6-7 56% af kostnaðaráætlun en skv. útboðsvef reykjavíkurborgar erum við 54,92%

Kemur fram í skjalinu að við séum í hverfi 8-9-10 47,7% af kostnaðaráætlun en skv. útboðsvef reykjavíkurborgar erum við 54,32%

Í öllum þessum þremur útboðum erum við yfir 50% af kostnaðaráætlun (ef reiknast rétt hjá okkur hverfi 4-5 þar sem ekki var boðið í allar eignir).

**Það er búið að samþykkja tilboð Húsalagna ehf. í útboð nr. 15437-hverfi 1-2-3 þar sem Húsalagnir ehf. buðu 42% af kostnaðaráætlun.**

**Er það útboð sett upp á sama hátt og þessi þrjú útboð.**

Tímavinna:

Grunnlaun sveins (lægsti taxti)= 3.454 kr , Orlof, lögb. lífeyrissjóður, tryggingagjald og des-orlofsuppbót á þessi laun eru 1.128 kr og gerir það samtals **4.582 kr.**

Eftir 7 ár í greininni = 3.721 kr, Orlof, lögb. lífeyrissjóður, tryggingagjald og des-orlofsuppbót á þessi laun eru 1.210 kr og gerir það samtals **4.931 kr.**

Verkstjóri 1 (hæsti taxti) = 4.041 kr, Orlof, lögb. lífeyrissjóður, tryggingagjald og des-orlofsuppbót á þessi laun eru 1.307 kr og gerir samtals **5.348 kr.**

Þessi gögn eru tekin úr launatöflu Félag Pípulagningameistara við Samiðn.

Með þessum samningi ásamt öðrum verkefnum sem við sinnum erum við með mjög þetta dagskrá og er nánast enginn ónýttur tími.

Einnig höfum við unnið fyrir Reykjavíkurborg í 13 ár og allir reikningar hafa verið greiddir þannig að það eru heldur ekki afskriftir á reikningum.

**Miðað við boðin tímataxta í þessum útboðum getum við staðist tímavinnuna.**

Yfirferðin í eignum:

Þarna er boðið í einingar og eins og ég segi í byrjun tölvupóstsins höfum við verið í þessu áður og ganga þessi verð upp. Upphæðin hækkar þar sem eru fleiri einingar.

Vanur maður er 1-3 klst í minni eignum að fara yfir og 4-8 í stærri eignum. **Miðað við tímagjaldið sem við bjóðum eignum við að geta staðist þetta gjald.**

Efnissala:

Við erum með mjög góða samninga við birgja og kaupum við einnig mikið af efni í magni til þess að ná verði niður og þar af leiðandi getum við boðið gott verð í efni á þessum lista.

Þar sem við erum furðulega lágir í boðnum verðum á einingu er það vegna þess að einingin

á ekki að vera til staðar í þeirri eign sem við erum að bjóða í og þar af leiðandi getum við staðist verðið.

**Við getum staðið undir öllum verðum í efni sem við bjóðum í miðað við þetta útbod.**

kv.

Óttar Eggertsson

Pípulagningameistari/Framkvæmdastjóri

G.Ó Pípulagnir ehf

s:6950170